

Þróunarfélag
Snæfellinga ehf.

www.snae.is

Sérstök forgangsverkefni

Það sem af er starfstíma Þróunarfélags Snæfellinga hefur stjórn þess lagt áherslu á nokkur verkefni sem sett eru í forgang. Þau eru valin í ljósi þeirrar vinnu sem unnin var við undirbúning að stofnun félagsins og í kjölfar þess að efnt var til vinnufunda þar sem sviðsmyndir voru settar upp. Að þessari vinnu við sviðsmyndirnar komu um 50 þátttakendur.

Í þessu skjali eru annarsvegar sett upp 5 *forgangsverkefni* og jafnframt 40 *verkefni* úr sviðmyndum sem unnið verður að og eru liður í því að móta framtíðarsýn Snæfellinga. Þessi stefnumótun á að tryggja sem best atvinnuþróun og tækifæri á Snæfellsnesi fram til ársins 2025, sem er ágæt viðmiðun til að stefna að og til þess fallin að skapa raunhæfar væntingar um framfarir og bjartari framtíð.

Markaðsmál

Samræmdar verði aðgerðir í kynningar og markaðsmálum, þ.m.t. ferðaþjónustu, á Snæfellsnesi. Á vettvangi Þróunarfélagsins verði efnt til samráðs við Íslandsstofu og Markaðsstofu Vesturlands um hvernig skuli háttáð skipulagningu, fjármögnun og uppbyggingu markaðsmála á Snæfellsnesi og hvernig Markaðsstofa Vesturlands komi að því verkefni. Áhersla yrði lögð á fjölbreytileika og gæði þjónustunnar. Metið verði hvort auglýsa eigi undir ákveðnu merki, logo, og til að fá að auglýsa undir því merki og þar með taka þátt í verkefninu yrði viðkomandi að uppfylla tiltekin skilyrði varðandi gæði og áreiðanleika. Æskilegast væri að Markaðsstofa réði markaðsstjóra til að stýra verkefninu og kæmi til greina að fá erlendan aðila til samstarfs.

Stuðningur við opinberar stofnanir

Með starfi sérstakra vinnuhópa á vegum Þróunarfélagsins verði leitað leiða til þess að tryggja starfsemi, Heilsugæslustöðvanna á Snæfellsnesi, St.Franciskusspítalans innan vébanda HVE, Fjölbrautaskóla Snæfellinga, starfsstöðvar Hafró, háskólasetur HÍ, Náttúrustofu Vesturlands, Björgunarskólans á Gufuskálum, Rannsóknarnefndar sjóslysa, sýslumanns og lögreglunnar á Snæfellsnesi.

Aukið formlegt samstarf

Á vettvangi atvinnulífsins og einnig sveitarstjórna verði unnið að auknu samstarfi. Bæjarstjórnir á Snæfellsnesi verði hvattar til þess að láta gera úttekt á hagkvæmni þess að hafnirnar verði reknar sem ein heild og þær byggðar upp á grundvelli sérstöðunnar sem hefur þróast innan hvers hafnarsvæðis. Nýta þarf glæsilega og vel upp byggða hafnaraðstöðu til þess að laða að hafnsækna starfsemi á sviði fiskveiða, flutninga, hverskonar viðskipta-, verslunar- og ferðaþjónustu. Áætlanir um þróun og uppbyggingu hafnanna þurfa að taka tillit til þess að útgerðin mun væntanlega fjárfesta í nýjum fiskiskipum og tæknibúnaði til veiða um leið og tryggðar verði langtíma nýtingarheimildir fiskveiða. Forsvarsmenn atvinnufyrirtækja verði hvattir til þess að leita leiða til samstarfs þar sem því verði við komið. Dæmi um slíkt samstarf gæti verið við að auka verðmæti með nýjum framleiðslueiningum svo sem próteinvinnslu og virkjun orku í þágu samfélagsins.

Aukin verðmæti sjávarfangs

Með samstarfi og aðkomu fyrirtækja og stofnana svo sem Matis verði sett af stað áttak við að auka nýtingu og verðmæti í matvælaframleiðslu. Fiskmarkaður verði eflur og sköpuð skilyrði til þess að fá þörunga og önnur verðmæti úr lífríki Breiðafjarðar og nærliggjandi hafssvæða á markaðinn og þannig skapaðar aðstæður til enn öflugri viðskipta með sjávarfang á markaði. Bæta starfsaðstöðu fiskvinnslu og aðkomu með sérstökum viðbrögðum í skipulagsmálum hafna og öðrum athafnasvæðum. Útgerð og fiskvinnslustöðvar í samstarfi við rannsóknarstofnanir leiti allra leiða til þess að fá heimildir til þess að veiða og vinna sild og makríl og aðrar þær tegundir sem veiðast í firðinum og á nálægum miðum. Unnið verði að því að nýta þörunga með hefðbundinni vinnslu þangmjöls og eða með háþróaðri nýtingu þörunga með frostþurrkun eða öðrum aðferðum til vinnslu. Rannsóknir á lífríki Breiðafjarðar verði stór auknar áður en hörpuðisksveiðar verða hafnar að nýju.

Orku- og fjarskiptamál

Gengið verði til samninga við Rarik, Orkusöluna og Orkuveitu Reykjavíkur í þeim tilgangi að auka raforkuöryggi og lækka orkukostnaðinn á svæðinu. Sameinast verði um rekstur hitaveitna með nýtingu jarðvarmans og nýttir kostir varmadælutækninnar í þágu hinna köldu svæða innan marka Snæfellsness. Komið á viðræðum við stjórnvöld um aðgerðir til þess að jafna húshitunarkostnað og lækka raforkuverð innan svæðisins bæði þágu atvinnulífs og heimila. Rannsóknnum vegna virkjunar sjávarorkunnar og sjávarfalla verði hraðað sem mest og leitað samstarfs utan lands sem innan í þeim tilgangi að hrinda sem fyrst af stað framkvæmdum við nýtingu sjávarorkunnar. Óskað verði eftir viðræðum við Nýsköpunarmiðstöð Íslands um þetta verkefni með tilvísun til þess sem fram kom í ræðu fulltrúa NÍ á fundinum um atvinnumál 30.03.2012. Fjarskipti og netþjónusta verði bætt, hagkvæmni netþjónustu aukin í þágu íbúa og sköpuð skilyrði fyrir rekstur netþjónabúa á Snæfellsnesi ekki síður en í öðrum landshlutum. Vísað er til Fjarskiptaáætlunar og greinargerðar um fjarskipti sem unnin var á vegum SSV árið 2011.

Framtíðarsýn Snæfellinga

Hér að neðan eru dregin saman mikilvæg verkefni sem m.a. eru hluti sviðsmynda sem mótaðar voru á fundum sem Þróunarfélag Snæfellinga stóð fyrir 16. og 21. mars 2012 í samstarfi við Nýsköpunarmiðstöð Íslands og Atvinnuráðgjöf Vesturlands. Stjórn Þróunarfélagsins telur að atvinnulífið og sveitarfélögin þurfi að beina kröftum sínum þannig að það besta úr sviðsmyndunum verði að veruleika. Þau áform og stefnumarkandi verkefni sem hér eru sett fram geta styrkt svæðið bæði til lengri og skemmri tíma og stuðlað að fjölgun atvinnutækifæra ef vel er að verki staðið. Til þess að því marki verði náð að íbúar verði 5000 árið 2025 verður næg og fjölbreytt atvinna að vera til staðar og búsetuskilyrðin að vera svo sem best getur orðið á Íslandi. Snæfellsnes verður að standast samanburð við aðra landshluta og hafa sterkt aðdráttarafl umfram önnur svæði til þess að fólkið setjist þar að. Til þess að árangri megi ná verður að leita leiða til þess að nýta sem best fjárfestingu sveitarfélaganna og auka hagkvæmni við rekstur jafnt stofnana sveitarfélaganna sem atvinnufyrirtækja.

Sviðsmyndir

Sviðsmyndaáferðin byggist á því að finna mikilvægustu óvissuþættina í starfs- eða rekstrarumhverfi skipulags- einingar. Það á við um atvinnufyrirtæki, stofnanir, sveitarfélög, landshluta eða heilar atvinnugreinar. Við sviðsmyndagerðina er metið hvernig framtíðin gæti litið út, ef nokkrir þessara þátta þróast samtímis mjög langt í mismunandi áttir.

1. Snæfellsnes er ein heild. – Með sama hætti og atvinnulífinu er ætlað að leita leiða til hagkvæmni í rekstri er lögð áhersla á hagkvæma starfsemi sveitarfélaganna og stofnana þeirra sem tryggja jafnframt þá þjónustu sem er nauðsynleg hverju og einu byggðarlagi.
2. Snæfellsnes er einstakt á sviði umhverfismála. Því er eðlilegt að Snæfellsnes verði vottað samfélag á forsendum hugmyndafræði þeirrar vottunar sem í gildi er. Hana þarf að tryggja sem hluta af verndaráætlun Þjóðgarðsins Snæfellsjökuls og aðliggjandi Jarðvangs sem gert er ráð fyrir í skipulagi Eyja og Miklaholtshrepps.
3. Uppbyggingu í Þjóðgarðinum verði hraðað og aðkoma heimamanna við stjórn hans verði aukin. Tekjur vegna starfsemi Þjóðgarðsins verði tryggðar með samningi við ríkisvaldið um framlög og heimild til gjaldtöku af ferðamönnum sem nýta sér þjónustu og afþreyingu innan marka Þjóðgarðsins Snæfellsjökuls.
4. Hollvinasamtök Þjóðgarðsins Snæfellsjökuls verði eflað í þeim tilgangi að standa vörð um starfsemi þjóðgarðsins til sóknar og varnar þeirrar starfsemi sem þar verður að vera.
5. Markaðsaðgerðir í þágu ferðaþjónustu verði hertar og leitað samstarfs um allt Vesturland og Vestfirði á vettvangi Markaðsstofu Vesturlands
6. Heilsulindirnar við Laugagerði, á Lýsuhóli, við Berserkseyri og jarðvarmi í Stykkishólmi verði nýttar til uppbyggingar heilsutengdrar ferðaþjónustu sem og í þágu íbúanna vegna hitunar.
7. Sjúkrahúsið sem rekið var af St.Franciskureglunni (Nú HVE) verði endurreist í anda reglunnar sem rak spítalann í rúma sjö áratugi og veitir Snæfellingum og öðrum landsmönnum ómetanlega þjónustu. Starfsstöðvar Heilsugæslustöðvanna í Grundarfirði og Snæfellsbæ verði treystar í sessi og elli og hjúkrunarheimilunum Jaðri Snæfellsbæ, Fellaskjóli Grundarfirði og Dvalarheimilinu Stykkishólmi verði tryggður starfsgrundvöllur. Standa þarf vörð um þjónustu við aldraða og sköpuð sem best skilyrði til búsetu og leitast við að tryggja sem best afkomu lífeyrisþega m.a. með því að halda sköttum af fasteignum hóflegum.
8. Til þess að tryggja öflugna ferðaþjónustu þarf sterka „segla“ innan svæðisins þar sem boðin er þjónusta og afþreying allt árið.
9. Sem flest þriggja og fjögurra stjörnu hótél þurfa að rísa á Snæfellsnesi og jarðvarminn nýttur í þágu þeirra til öflugrar markaðssetningar. Við uppbyggingu verði lögð áhersla á heilsuefningu og umhverfisvernd. Slík hótél verði m.a. í jaðri Þjóðgarðsins við Hellissand eða á Búðum, í Stykkishólmi og í Grundarfirði þar sem verði byggð upp miðstöð þjónustu við skemmtiferðaskip.
10. Skipulagðar verði gönguleiðir og þær kortlagðar sérstaklega á öllu Snæfellsnesi innan og utan marka Þjóðgarðs og Snæfellsness Jarðvangs sem verði skipulagður út frá eldstöðvum svo sem við Ljósufjöll.
11. Skipuleggja þarf öflugna ferðaþjónustu á og við Snæfellsjökul í þágu útivistar, gönguferða og skiðamennsku.



12. Atvinnustarfsemi og búseta verði eflð í sveitunum á forsendum hugmyndafræð um „Sveitavegin“ sem unnið er að.
13. Reiðleiðir um Löngufjörur og um aðliggjandi svæði verði kynntar sérstaklega í samstarfi þeirra sem sinna hestaferðum, reka hestabúgarða og þá sem vinna að kynningu svæðisins.
14. Sjávarrannsóknarstöðin Vör og Matis gangi til samstarfs í þeim tilgangi að stuðla að og auka framleiðslu í sjávarútvegi og á matvælasviði og auka verðmætasköpun.
15. Starfsstöð Hafrannsóknarstofnunar verði eflð í samstarfi við rannsóknarstofnanir, matvæla- iðnaðinn og háskólasetur.
16. Náttúrustofa Vesturlands verði eflð, hlutverk hennar skilgreint og fest í sessi ásamt því að tryggja rekstrartekjur hennar með samningum.
17. Háskólasetrið verði eflt og rekstrarforsendur þess tryggðar með samningum milli sveitarfélaga og Háskóla Íslands.
18. Byggðasöfnin, Vatnasafnið, Eldfjallasafnið og Sögusetrið verði fest í sessi og sköpuð traust starfsskilyrði með samningum.
19. Viðskipti um fiskmarkað verði eflð með því að skapa skilyrði til þess að fá þörunga og önnur verðmæti úr lífríki Breiðafjarðar og nærliggjandi hafssvæða á markað og þannig skapaðar aðstæður til enn öflugri viðskipta með sjávarfang á markaði.
20. Leita þarf leiða til þess að hafnirnar verði reknar sem ein heild og þær byggðar upp á grundvelli sérstöðunnar sem hefur þróast innan hvers hafnarsvæðis. Nýta þarf glæsilega og vel upp byggða hafnaraðstöðu til þess að laða að hafnsækna starfsemi á sviði fiskveiða, flutninga, hverskonar viðskiptaþjónustu og verslunar og ferðaþjónustu.
21. Stuðla þarf að nýtingu húsa og aðstöðunnar á Gufuskálum eftir því sem kostur er í þágu atvinnusköpunar á Snæfellsnesi.
22. Gera verður ráð fyrir því að fiskvinnslan fjárfesti í verðmætaskapandi tæknibúnaði sem tryggi sem best bættu afkomu greinarinnar. Þetta þarf að gera henni kleift með því að bæta starfsaðstöðu og aðkomu með sérstökum viðbrögðum í skipulagsmálum og aðlögun að byggingarreglugerðum.
23. Útgerðin mun væntanlega fjárfesta í nýjum fiskiskipum og tæknibúnaði til veiða um leið og tryggðar verði langtíma nýtingarheimildir fiskveiða. Áætlanir um þróun og uppbyggingu hafnanna þurfa að taka tillit til þessa.
24. Veita þarf fiskvinnslu sem og fiskþurrkunarstöðvum allan þann stuðning sem fært er til þess að tryggja þeim hagstætt orkuverð til framleiðslunnar.



25. Stuðlað verði að því að próteinverksmiðja rísi og nýti það hráefni sem rennur í dag til sjávar eða er urðað og er ekki nýtt. Skapa þarf skilyrði til þeirrar uppbyggingar og tryggja flutning jafnt þeirrar orku sem er nýtt til vinnslunnar sem flutning aðfanga og afurða sem fara á markað.
26. Leitað verði leiða í samstarfi við rannsóknarstofnanir til þess að þróa eldsneytisvinnslu úr þeim hráefnum sem ekki verða nýtt til virðisaukandi framleiðslu í matvælaíðnaði.
27. Allt sem til fellur frá byggðinni jafnt frá heimilum sem matvælaframleiðslu verði flokkað og nýtt til eldsneytisframleiðslu eða hverskonar hagkvæmrar endurvinnslu.
28. Útgerðarfyrirtæki og fiskvinnslustöðvar í samstarfi við rannsóknarstofnanir leiti allra leiða til þess að fá heimildir til þess að veiða og vinna síld og makríl og aðrar þær tegundir sem veiðast í firðinum og á nálægum miðum.



29. Unnið verði að því að nýta þörungum með hefðbundinni vinnslu þangmjöls og eða með háþróaðri nýtingu þörungum með frostþurrkun eða öðrum aðferðum til vinnslu.
30. Rannsóknir á lífríki Breiðafjarðar verði stórkær auknar áður en hörpudisksveiðar verða hafnar að nýju.
31. Lögum um vernd Breiðafjarðar þarf að endurskoða með það í huga að tryggja bæði vernd en um leið nýtingu auðlinda fjarðarinnar á forsendum sjálfbærrar nýtingar með eðlilegri aðkomu heimamanna við stjórn nýtingar.
32. Í samstarfi við Orkustofnun og aðrar rannsóknarstofnanir verði unnið að því að kortleggja þau svæði sem koma til greina til fiskeldis í sjó og í tjörnum á Snæfellsnesi. Í því samhengi þarf að leggja mat bæði á heitar og kaldar vatnslindir og aðstoða landeigendur við nýtingu vatnslinda.
33. Endurmetnir verði möguleikar til þess að nýta vatnslindir til þökkunar og sölu á vatni jafnt fyrir innanlandsmarkað sem til útflutnings.
34. Gengið verði til samninga við Rarik, Orkusölu og Orkuveitu Reykjavíkur í þeim tilgangi að auka raforkuöryggi og lækka orkukostnaðinn á svæðinu.



35. Sameinast verði um rekstur hitaveitna með nýtingu jarðvarmans og nýttir kostir varmadælutækninnar í þágu hinna köldu svæða innan marka Snæfellsness. Samið við stjórnvöld um aðgerðir til þess að jafna húshitunarkostnað og lækka raforkuverð innan svæðisins bæði þágu atvinnulífs og heimila.
36. Fjarskipti og netþjónusta verður að bæta, hagkvæmni netþjónustu aukin í þágu íbúa og sköpuð skilyrði fyrir rekstur netþjónabúa á Snæfellsnesi ekki síður en í öðrum landshlutum.
37. Rannsóknir og virkjun sjávarorkunnar og sjávarfalla verði hraðað sem mest og leitað samstarfs utan lands sem innan í þeim tilgangi.
38. Samgöngur bættar með uppbyggingu vegarinnar um Skógarströnd og lokið við uppbyggingu vega á Snæfellsnesi með sérstöku tilliti til ferðaþjónustu og sumarhúsabyggingar.
39. Almenningsamgöngur bættar með skipulögðum áætlanaförum með hringakstri um Snæfellsnesið í þágu íbúanna, skóla og ferðaþjónustu.
40. Leitað verði áfram eftir samstarfi við Nýsköpunarmiðstöð Íslands og Atvinnuráðgjöf Vesturlands um eflingu samfélagsins á forsendum nýsköpunar og nýtingu auðlinda til lands og sjávar að teknu tilliti til þess sem hér er dregið saman.

Próunarfélag Snæfellinga

www.snae.is

Próunarfélag Snæfellinga ehf. var stofnað 7. nóvember 2011. Tilgangur félagsins er að starfa á breiðum grunni að framþróun og eflingu atvinnulífs og samkeppnishæfni byggðarlaga á Snæfellsnesi.

Stjórn félagsins skipa Halldór Árnason hagfræðingur Samtaka atvinnulífsins sem formaður, meðstjórnendur eru Kristjana Hermannsdóttir umboðsmaður SJÓVÁ, Pétur Ágústsson framkvæmdastjóri Sæferða, Páll Ingólfsson framkvæmdastjóri Fiskmarkaðar Íslands og Runólfur Guðmundsson skipstjóri. Varamenn eru Friðbjörn Ásbjörnsson aðstoðarframkvæmdastjóri Fiskmarkaðar Íslands, Rósa Guðmundsdóttir framleiðslustjóri hjá Guðmundi Runólfssyni hf. og Sverrir Hermannsson framkvæmdastjóri HringHótel.

Framkvæmdastjóri Próunarfélags Snæfellinga er Sturla Böðvarsson Stykkishólmi. Sími 863 8888 og netfang sturla@sturla.is

